

Skólaráð 31. janúar 2018

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Raket Ösp Hannah fulltrúi nemenda, Örn Guðmundsson fulltrúi foreldra, Kristín B. Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Sif Garðarsdóttir og Jóhanna Gylfadóttir fulltrúar kennara.

Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri

1. Skóladagatal 2018-19

- Sex skipulagsdagar að haust í stað fimm daga.
- Skólasetning 23. ágúst og skólaslit 7. júní.
- Foreldraviðtöl nemenda í 1. bekk 23. og 24. ágúst.
- Skipulagsdagar samræmdir við leikskóla hverfisins, nema 3. janúar sem er skipulagsdagur í Kársnesskóla er ekki nýttur sem slíkur í leikskólum.
- Vetrarfrí í október og febrúar.
- Skóladagatal verður birt fljótlega á heimasíðu skólans.
- Vitum ekki hvort að vetrarfrí skarist við vetrarfrí í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.
- Kannanir meðal foreldra sýna að þeir vilja frekar hafa tvo stutt vetrarfrí frekar en eitt langt. Mögulega langt síðan slík könnun var lögð fyrir foreldra og þyrfti að gera aftur, sem og að leggja slíka könnun fyrir starfsfólk skóla til að kanna hug sem flestra.

2. Sálfræðingur

Í nýrri fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar var aukið við hlut sálfræðinga í grunnskólum Kópavogsbæjar og Erlendur Egilsson sálfræðingur við Kársnesskóla starfar nú tvo daga í viku við skólann.

3. Húsnæði skólans

Ekki verið fundað í stóru nefndinni í að verða mánuð en styttest í næsta fund. Ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða aldurshópi eða hópum ný bygging eigi að þjóna.

Dægradvölin flutt í Hallir á Vallargerðisvelli, í bráðabirgðahúsnæði því afhending hallanna sem dægradvölin á að vera í frestaðist og ekki vitað hvenær það verður tilbúið.

Ekki gert ráð fyrir að allar hallir verða teknar í gagnið fyrr en næsta haust.

Heimilisfræðistofa í Höllunum verður tekin í gagnið í næstu viku (6. febrúar).

Stjórnendur og kennarar eru að skoða hvaða árgangar fara í hallirnar á næsta skólaári, verið er að meta kosti og galla og niðurstaða liggur ekki fyrir.

Rými á 3. hæð í Fannborg stendur okkur til boða fyrir aðstöðu EKKÓ og verið er að standsetja hana.

Ekki verið ákveðið hvenær á að hefja niðurrif í Skólagerði, ekki forgangsatríði og tekur stuttan tíma þegar það hefst. Þarf að hafa öryggi nemenda í huga, nú er dægradvöl flutt en enn mikið af nemendum á skólalóðinni á leið til og frá íþróttahúss og því þarf að huga vel að öryggismálum.

Sjálfbærni – grænfánaverkefni, ábending um að hafa í huga þegar skólinn verður byggður; spara orku og úrgang og nýta náttúruleg efni betur. Gott að kynna þetta á fundi starfshópsins og koma með athugasemdir við forsoðgnina.

4. Myndbirtingar og persónuvernd

Starfsfólk og nemendur berskjaldaðir þegar myndum og myndböndum er dreift af þeim, af þeim óafvitandi og/eða í óþökk þeirra. Brýtur í bága við lög um persónuvernd (ný lög taka gildi í maí). Viljum kenna nemendum okkar að huga að því hvenær myndbirtingar eiga rétt á sér. Hér gilda þær reglur að bannað er að birta myndir og myndbönd án leyfis viðkomandi og verkferlar hér í skólanum eru í endurskoðun eftir atvik þar sem nemandi dreifði myndbandi af kennara.

5. Önnur mál

Mikið verið unnið með agamál og umgengnismál og jákvæður árangur af því skv. upplýsingum frá nemendum og starfsfólki.

Fundi slitið.

Fundargerð skráði Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri